

Fræðslunefnd Sveitarfélagsins Voga

Erindisbréf

I. Stjórnsýsluleg staða

Fræðslunefnd Sveitarfélagsins Voga starfar í umboði bæjarstjórnar að grunnskóla-og leikskólamálum og málefnum bókasafns.

II. Skipan nefndarinnar

Nefnin skal skipuð skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum

Auk kjörinna fulltrúa eiga eftirtaldir aðilar rétt til setu á fundur nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt: bæjarstjóri, skólastjóri eða staðgengill hans, fulltrúi grunnskólakennara, leikskólastjóri eða staðgengill hans, fulltrúi leikskólakennara, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, fulltrúi foreldra leikskólabarna og fulltrúi bókasafns. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar, nefndin kýs sér varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

III. Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í skólamálum og gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í þeim.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í fræðslumálum nái fram að ganga
- Að sjá um að öll skólaskyld börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.
- Að staðfesta áætlun um starfstíma grunnskóla ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir. Skólanámskrá er starfsáætlun skóla og greinir frá því sem varðar starfsemi skólans. Skólanámskrá skal leggja fyrir fræðslunefnd til umsagnar.
- Að gera tillögur til skólastjóra og leikskólastjóra um úrbætur í skólamálum og ef nefndarmenn telja þörf á.
- Að fylgjast með því að nægjanlegt framboð sé á leikskólarýmum og að gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur er þörf krefur.
- Að fylgjast með og stuðla að því að leikskóla og grunnskóla sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu í samræmi við lög og reglugerðir. Með sérfræðipjónustu er m.a. átt við almenna greinabundna kennsluráðgjöf, námsráðgjöf, sálfræðipjónustu og talkennslu.
- Að fylgjast með því, ásamt skólastjóra og leikskólastjóra, að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um að fyrir hendi sé fullnægjandi húsnæði og búnaður fyrir grunnskóla og leikskóla.

- Að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla, grunnskóla og tómstundastarfs.
- Að fylgjast með þjónustu og rekstri bókasafns sveitarfélagsins svo það þjóni jafnt sem skólabókasafn sem og almenningsbókasafn.
- Að gera tillögur til bókavardar og bæjarstjórnar um úrbætur í þjónustu bókasafns telji nefndarmenn þörf á.

IV. Starfshættir

Nefndin kemur saman á lokuðum fundum, á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Nefndinni er þó heimilt að fella niður tvo reglulega fundi vegna orlofs fundarmanna. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Fundarboðun skal vera skrifleg með tilgreindri dagskrá, fundartíma og fundarstað. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Boða skal til fundar ef tveir nefndarmenn, formaður eða bæjarstjóri óska þess. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar fræðslunefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn ritari ritar fundargerð í gerðabókina. Í fundargerðinni skal koma fram hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Einnig skal skrá fjölda mála og afgreiðslu þeirra. Heimilt er að færa fundargerð í tölvu, sé það gert skal bókað í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundaslit og greina blaðsíðutal fundagerða. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og viðstaddir nefndarmenn undirrita hana. Frumrit fundagerða skal formaður nefndarinnar skila jafnóðum til skrifstofu sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundinn. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla á jöfnu.

V. Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðslunefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll. Sé fulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðslunefnd undir liðnum önnur mál þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og

fundarsköp Sveitarfélagsins Voga í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

VI. Starfsmannamál

Bæjarstjórn ræður skólastjóra og leikskólastjóra. Bæjarstjóri veitir viðtöku umsóknum um stöðurnar. Að loknum umsóknafresti fjallar fræðslunefnd um umsóknirnar og gefur umsögn til bæjarstjórnar.

Ákvörðun um ráðningar kennara og annarra starfsmanna grunn- og leikskóla er á valdi skólastjóra, að höfðu samráði við fræðslunefnd.

VII. Fjárhagslegar skuldbindingar

Fjárhagslegar skuldbindingar, sem tengjast kunna störfum nefndarinnar, eru háðar fjárveitingum samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni, og skulu þær bornar undir og háðar samþykki bæjarstjórnar.

Fræðslunefnd hefur umsagnarrétt um tillögur forstöðumanna við fjárhagsáætlunargerð og getur gert sínar tillögur til bæjarstjórnar. Skólastjórar og bókavörður leggja fjárhagsáætlanir og ársskýrslur sinna stofnana fyrir nefndina til kynningar og umsagnar.

VIII. Lög og reglugerðir

Nefndin skal við störf sín, taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni um málefni grunnskóla og leikskóla. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga eins og þau eru hverju sinni auk þess að kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt í bæjarráði 24. júní, 2010.